

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/71/EB

frá 19. ágúst 2002

um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa (formóþíon, dímetóat og oxýdemeton-metýl) í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/66/EB ⁽²⁾, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/66/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/363/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/66/EB, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2002/66/EB, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar um er að ræða korn og afurðir úr jurtaríkinu, þ.m.t. aldin og grænmeti, skal magn efnaleifa endurspeglar notkun á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur þannig að leifarnar verði eins litlar og komist verður af með og viðunandi frá eiturefnafraðilegu sjónarmiði, einkum með tilliti til umhverfisverndar og þess magns sem áætlað er að berist í neytendum með fæðu. Þegar um er að ræða matvæli úr dýraríkinu endurspeglar magn efnaleifa í þeim hve mikið dýr hafa étið af korni og afurðum úr jurtaríkinu, meðhöndluðum með varnarefnum, og, ef við á, bein áhrif af notkun dýralyfja. Hámarks magn leifa (MRL) í bandalaginu samsvarar efri mörkum magns slíkra leifa sem vænta má að gætu fundist í vörum þótt framleiðendur virði góðar starfsvenjur í landbúnaði.

- 2) Stöðugt ber að endurskoða hámarks magn leifa og breyta má mörkunum svo að tekið sé tillit til nýrra upplýsinga og gagna. Hámarks magn leifa er ákvarðað við neðri greiningarmörk ef leyfileg notkun plöntuvarnarefnis hefur ekki í för með sér greinanlegar varnarefnaleifar í eða á matvælunum eða ef engin notkun er leyfð eða ef notkun, sem aðildarríkin hafa leyft, hefur ekki verið studd nægjanlegum gögnum eða ef notkun í þriðju löndum, sem hefur í för með sér efnaleifar í eða á matvælum sem kunna að fara í dreifingu á markaði bandalagsins, hefur ekki verið studd nægilega traustum gögnum.
- 3) Að því er varðar dímetóat og oxýdemeton-metýl hafa nokkur aðildarríki tilkynnt framkvæmdastjórninni að þau óski þess að endurskoða hámarks magn leifa hjá sér, í samræmi við 8. gr. tilskipunar 90/642/EBE, í ljósi þess að sá skammtur, sem neytendur fá, gefur tilefni til áhyggna. Tillögur um endurskoðun hámarks magns leifa í bandalaginu voru afhentar framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin hefur ályktað að skynsamlegt sé að breyta sums staðar hámarks magni leifa með tilliti til hugsanlegrar áhættu fyrir neytendur. Mikilvægt er að aðildarríkin gripi til frekari aðgerða við áhættustjórnun til að veita neytendum nægilega vernd. Að því er varðar dímetóat og oxýdemeton-metýl er aðildarríkjnum skylt að endurskoða leyfi, sem fyrir hendi eru í samræmi við 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/64/EB ⁽⁷⁾, svo að leyfð notkun leiði ekki til þess að farið verði yfir hámarks magn leifa.
- 4) Ævilöng váhrif þeirra varnarefna, sem þessi tilskipun tekur til, á neytendum með matvælum hafa verið tekin til endurskoðunar og metin í samræmi við reglur og venjur innan bandalagsins með tilliti til viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út ⁽⁸⁾. Reiknað hefur verið út að hámarks magn leifa, sem er fastsett með þessari tilskipun, muni ekki leiða til þess að farið verði yfir viðtekinn dagskammt. Viðtekinn dagskammtur fyrir oxýdemeton-metýl er 0,003 mg/kg líkamsþyngdar (sameiginlegur fundur um varnarefnaleifar (JMPR) 1989), viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar (ARFD) er 0,005 mg/kg líkamsþyngdar, viðtekinn dagskammtur fyrir dímetóat er 0,002 mg/kg líkamsþyngdar (sameiginlegur fundur um varnarefnaleifar 1996), viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar er 0,03 mg/kg líkamsþyngdar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 340, 9.12.1976, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 192, 20.7.2002, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 43.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 27.

⁽⁸⁾ Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS/Food Programme), í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, gefnar út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 1997 (WHO/FSF/FOS/97.7).

- 5) Bráð váhrif þessara varnarefna á neytendur með sérhverri matvæategund, sem hugsanlegt er að innihaldi leifar þeirra, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem farið er eftir innan bandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út. Niðurstaðan er sú að tilvist varnarefnaleifa við þau mörk hámarksmagns leifa, sem lagt er til í þessari tilskipun, eða undir þeim mörkum muni ekki valda bráðum eiturrifum.
- 6) Ekki eru til neinar skráðar upplýsingar um notkun formóþions í heiminum. Þar sem fullnægjandi gögn um efnaleifar og eiturefnafræði skortir er rétt að ákvarða hámarksmagn leifa formóþions sem gildir fyrir allar vörur við neðri greiningarmörk.
- 7) Fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur verið haft samráð við viðskiptaaðila bandalagsins um það magn formóþion, dímetóat og oxýdemeton-metýl, sem lagt er til að nota í þessari tilskipun, og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 8) Tekið hefur verið tillit til álits vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um þær aðferðir sem notaðar skulu til að vernda þá sem neyta

landbúnaðarvara sem hafa verið meðhöndlaðar með varnarefnum.

9) Því skal breyta viðaukunum við tilskipanir 76/895/EBE, 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE eru felldar brott færslur sem eiga við um „dímetóat“, „ómetóat“, „formóþion“, „oxýdemeton-metýl“, „demeton-S-metýl“ og „demeton-S-metýlsúlfón“.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í A-hluta II. viðauka við tilskipun 86/362/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarksmagn í mg/kg
„Oxýdemeton-metýl (summa oxýdemeton-metýls og demeton-S-metýlsúlfóns, gefin upp sem oxýdemeton-metýl)	0,1 Bygg og hafrar 0,02 (*) Aðrar kornvörur
Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)	0,3 Hveiti, rúgur og rúghveiti 0,02 (*) Aðrar kornvörur
Formóþion	0,02 (*) Kornvörur

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.“

3. gr.

Eftirfarandi bætist við í B-hluta II. viðauka við tilskipun 86/363/EBE:

Varnarefnaleif	Hámarksmagn (mg/kg)		
	Í kjöti, þ.m.t. fitu, unnum kjötvörum, innmat og dýrafitu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0201, 0202, 0203, 0204, 0205 00 00, 0206, 0207, úr 0208, 0209 00, 0210, 1601 00 og 1602	Í mjólk og mjólkurvörum sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0401, 0402, 0405 00, 0406	Í skurnlausum, nýjum eggjum, í fuglseggjum og eggjarauðu sem skráð eru í I. viðauka undir SAT-númerum 0407 00 og 0408
„Oxýdemeton-metýl (summa oxýdemeton-metýls og demeton-S-metýlsúlfóns, gefin upp sem oxýdemeton-metýl)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.“

4. gr.

Hámarksmagn leifa, sem tilgreint er í viðaukanum við þessa tilskipun, skal bætast við eða koma í stað þess sem tilgreint er fyrir varnarefnin sem um ræðir í II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE.

5. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2003.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. ágúst 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

—

VIÐAUKI

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleif og hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Formóþjón	Oxýdemeton-metýl (summa oxýdemeton-metýls og demeton-S-metýlsúlfóns, gefin upp sem oxýdemeton-metýl)	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)
1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, rotvarin með frýstingu án viðbættis sykurs; hnetur		0,02 (*)	
i) SÍTRUSÁVEXTIR	0,02 (*)		0,02 (*)
Greipaldin			
Sítrónur			
Súraldin (límónur)			
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)			
Appelsínur			
Pómelónur			
Annað			
ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða án hennar)	0,05 (*)		0,05 (*)
Möndlur			
Parahnetur			
Kasúhnetur			
Kastaníuhnetur			
Kókoshnetur			
Heslihnetur			
Goðahnetur (makadamiahnetur)			
Pekanhnetur			
Furuhnetur			
Pistasíuhnetur			
Valhnetur			
Annað			
iii) KJARNAÁVEXTIR	0,02 (*)		0,02 (*)
Epli			
Perur			
Kveði			
Annað			
iv) STEINALDIN	0,02 (*)		1
Apríkósur			
Kirsuber			
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)			
Plómur			0,02 (*)
Annað			
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN	0,02 (*)		0,02 (*)
a) Vínber og þrúgur			
Vínber			
Þrúgur			
b) Jarðarber (önnur en villt)			

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleif og hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Formóþjón	Oxýdemeton-metýl (summa oxýdemeton-metýls og demeton-S-metýlsúlfóns, gefin upp sem oxýdemeton-metýl)	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)
c) Klungurber (önnur en villt) Brómber Daggarber (elgsber) Logaber Hindber Annað			
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt) Aðalbláber Trönuber Rífsber (rauð og hvít) og sólber Garðaber Annað			
e) Villt ber og aldin			
vi) ÝMISS KONAR ALDIN Lárperur Bananar Döðlur Fikjur Kíví Dvergappelsínur Litkaber Mangó Ólífur Píslaraldin Ananas Granatepli Annað	0,02 (*)		2 0,02 (*)
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað	0,02 (*)		
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNYÐI Rauðrófur Gulrætur Hnúðsellerí Piparrót Ætífiþill Nípur Seljurót Hreðkur Hafursrót Sætuhnúðar Gulrófur Næpur Kínakartöflur Annað		0,02 (*)	0,02 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleif og hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Formóþjón	Oxýdemeton-metýl (summa oxýdemeton-metýls og demeton-S-metýlsúlfóns, gefin upp sem oxýdemeton-metýl)	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)
ii) LAUKAR Hvítlaukur Laukur Skalottlaukur Vorlaukur Annað		0,02 (*)	2 0,02 (*)
iii) ALDINGRÆNMETI		0,02 (*)	0,02 (*)
a) Náttskuggaætt Tómatar Paprikur Eggaldin Annað			
b) Graskersætt — með ætu hýði Gúrkur Smágúrkur Dvergbítar Annað			
c) Graskersætt — með óætu hýði Melónur Grasker Vatnsmelónur Annað			
d) Sykurmaís			
iv) KÁL			
a) Blómstrandi kál Spergilkál (þ.m.t. kalabríukál) Blómkál Annað		0,02 (*)	0,2 0,02 (*)
b) Kálhöfuð Rósakál Höfuðkál Annað		0,05 0,05 0,02 (*)	0,3 1 0,02 (*)
c) Blaðkál Kínakál Grænkál Annað		0,02 (*)	0,02 (*)
d) Hnúðkál		0,05	0,02 (*)
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDD- JURTIR			
a) Salat og áþekkt grænmeti Karsi Lambasalat Salat Vetrarsalat (salatfífill með breiðum blöðum) Annað		0,05	0,5 0,02 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleif og hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Formóþjón	Oxýdemeton-metýl (summa oxýdemeton-metýls og demeton-S-metýlsúlfóns, gefin upp sem oxýdemeton- metýl)	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)
b) Spínat og áþekkt grænmeti Spinat Strandblaðka Annað		0,02 (*)	0,02 (*)
c) Brunnperla		0,02 (*)	0,02 (*)
d) Jólasalat		0,02 (*)	0,02 (*)
e) Kryddjurtir Kerfill Graslaukur Steinselja Bláðselleri Annað		0,02 (*)	0,02 (*)
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir) Baunir (með fræbelg) Baunir (án fræbelgs) Ertur (með fræbelg) Ertur (án fræbelgs) Annað		0,02 (*)	1 0,02 (*)
vii) STÖNGULGRÆNMETI (ferskt) Spergill Salatþistill Selleri Fennika Ætiþistill Bláðlaukur Rabarbari Annað		0,02 (*)	0,02 (*)
viii) SVEPPIR Ræktaðir ætisveppir Villtir ætisveppir		0,02 (*)	0,02 (*)
3. Belgávextir Baunir Linsubaunir Ertur Annað	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)
4. Olíufræ Hörfrae Jarðhnetur Valmúafrae Sesamfrae Sólblómafrae Repjufrae Sojabaunir Mustarðskorn Baðmullarfrae Annað	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarks magn leifa gildir um	Varnarefnaleif og hámarks magn leifa (mg/kg)		
	Formóbíón	Oxýdemeton-metýl (summa oxýdemeton-metýls og demeton-S-metýlsúlfóns, gefin upp sem oxýdemeton- metýl)	Dímetóat (summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat)
5. Kartöflur Sumarkartöflur Kartöflur af haustuppskeru	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)
6. Te (þurrkuð lauf og stíkar, einnig gerjuð, <i>Camellia sinensis</i>)	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)
7. Humlur (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkt duft	0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)

(*) Sýnir neðri greiningarmörk.